



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-9100

19. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn á kennarastofu skólans 30. janúar 1978 og hófst kl. 17⁰⁰.

Fundinn sóttu skólameistari Jón Þöðvarsson, yfirkennari Ingólfur Halldórsson, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Jón Hólmgeirsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ingvar Jóhannsson, Guðjón Kristjánsson, Eggert Ólafsson og Hreinn Ásgrímsson. Einnig fulltrúi kennara Sigrún Þorsteinsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Launamál.

Einar Þórðarson, skrifstofustjóri Fjölbrautaskóla Suðurnesja fer þess á leit að laun hans verði hækkuð sem svarar einum launaflokki. Tekur hann nú laun skv. BSRB taxta 11. launafl. 2. prepi. Samþykkt samhljóða að Einar taki laun samkv. 12. launafl. 2. prepi.

2. Yfirlit við upphaf vorannar.

Tveir nýir kennarar hafa verið ráðnir í fullt starf. Jón Valdimarsson í málsmiðum og Þór Stefánsson í sálfræði og íslensku. Í hlutastarf hafa verið ráðnir Haukur Gunnarsson, leikstjóri og Gunnar Þyrfjölfsson, leikari sem kenna listir. Latína kennir Þuríður Magnúsdóttir. Fátasaum kennir Randí Træen og stjórnmálafræði kennir Jón Briem. Því miður hefur reynt óhjákvæmilegt að kenna á laugardögum þessa önnu en vonir standa til að svo verði ekki framvegis. Flugliðabrautin tók til starfa 16. janúar s.l. Nemendur eru 32. Kennsla fer fram í húsi sjálfstæðisfélaganna að Hólagötu 15, Njarðvík. Deildarstjóri á flugliðanámsbraut er Ottó Tynes. Blaðið kom út í dag og þar er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi skólans.

3. Byggingamál.

Til umræðu um þennan dagskrárlið komu á fundinn Axel Nikolaison, Héðinn Skarphéðinsson og Sturlaugur Ólafsson. Skólameistari greindi frá fundi sem haldinn var 16. janúar s.l. með Indriða Þorlákssyni deildarstjóra og Jóni Guðmar Jónssyni fulltrúa í byggingadeild menntamálaráðuneytisins. Á þeim fundi voru auk skólameistara Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ingólfur Halldórsson og Gunnar Sveinsson. Voru þar einkum rædd fjármálaleg atriði varðandi byggingu efri hæðar Fjölbautaskóla-hússins. Samkvæmt fjárlögum verða greiddar kr. 30.000.000- úr ríkissjóði á árinu 1978 en í ráði er að sveitarfélögin á Suðurnesjum greiði kr. 40.000.000-. Á áðurnefndum fundi skýrði Indriði svo frá að áformað væri snemma árs 1979 yrði greitt það sem skorti á framlag ríkissjóðs ef sveitarfélögin hefðu lagt fram áðurnefndar 40.000.000- Formaður skólanefndar upplýsti að samkomulag hefði orðið um að endurmeta ekki hlut ríkissjóðs í Fjölbautaskóla-húsinu heldur greiddi ríkissjóður 60% byggingakostnaðar af hverjum fermetra í húsinu samkv. byggingavísitölu. Skólanefndin lýsti sig samþykka þeim verðgrundvelli sem fram kom á fundinum með Indriða þ.e.a.s. vísitölubundnu fermetraverði. Í janúar 1978 mun það verð hafa verið um 130.000- kr. á fermetra miðað við byggingavísitölu. Skólanefndin samþykkti einróma að fara þess á leit við þá Axel, Héðinn og Sturlaug sem allir eru kennarar við skólann og meistarar í sinni iðngrein að þeir taki að sér framkvæmdir við skólabygginguna og nemendur skólans vinni við framkvæmdirnar. Ráðnir verði starfsmenn að auki, einkum faglærðir, sem með þarf. Axel, Héðinn og Sturlaugur tjáðu sig fúsa til þess að takast á við þetta verkefni. Samþykkt var samhljóða að kjósa eftirtalda menn í bygginga-nefnd skólans, Jón Böðvarsson, Ingólf Halldórsson og Axel Nikolaison.

4. Fjármál skólans.

Rekstrar- og efnahagsreikningur F.S. 1977 var lagður fram en hann er saminn af endurskoðunarskrifstofu Gunnars R. Magnússonar í Reykjavík.

Skólanefndin reyndist sammála um að uppsetning og skýringar reikningsins séu mjög til fyrirmyndar.

Skólameistari lagði fram bréf til menntamálaráðuneytisins dagsett 19. janúar og bréf til fjármálaráðherra dagsett 26. janúar um fjármálastöðu skólans.

Í síðara bréfinu sem undirritað er af formanni skólanefndar og skólameistara eru sundurliðaðar tillögur um viðbótarfjárveitingu til skólans og farið fram á að ríkissjóður greiði skuld sína sem tilgreind er í ársreikningi.

Fundur fjármálaráðherra og menntamálaráðherra hefur verið í dag en ekki er vitað um niðurstöðu.

Skólameistari hefur sent bæjar- og sveitarstjórum bréf dags. 30. janúar '78 um fjármálastöðu skólans.

Skólanefnd samþykkir að leita eftir formlegri staðfestingu fjármálaráðuneytisins á loforði um fjárveitingu að upphæð kr. 30.000.000- á árinu 1979.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

Jón Steinn
Ólafur Halldórsson
Kjartan Jónsson
Jón Helmgjarn - atv.
Eiríkur H. Björnsson
Eiríkur Jónsson
Eiríkur Jónsson
Eiríkur Jónsson
Eiríkur Jónsson
Eiríkur Jónsson

Jón Jónsson